

# STJÓRNARTÍÐINDI B 49 — 1981

Nr. 573.

940

8. september 1981.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1981:

Fiskmjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma (skilagengi).

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. september 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

Nr. 574.

20. ágúst 1981.

## REGLUGERÐ

**um breytingar á reglugerð nr. 126 22. febrúar 1979 um vegabréf utanríkisráðuneytisins.**

1. gr.

20. töluliður 4. gr. orðist þannig:

Makar og börn þeirra, sem taldir eru hér að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

2. gr.

19. töluliður 5. gr. orðist þannig:

Makar og börn þeirra, sem taldir eru hér að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

3. gr.

Aftan við 3. mgr. 7. gr. komi ný málsgrein, er orðist þannig:

Ráðuneytið getur gert undanþágu frá aldursákvæðum 20. tl. 4. gr. og 19. tl. 5. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

20. ágúst 1981.

941

Nr. 574.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í lögum nr. 39 1971 um utanríkisþjónustu Íslands, öðlast gildi þegar í stað.

*Utanríkisráðuneytið, 20. ágúst 1981.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*

8. september 1981.

Nr. 575.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunna- og spærlingsmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. desember 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28 maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunna- og spærlingsmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. desember 1981:

Kolmunnamjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Spærlingsmjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægni verðbili.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðaskiptagengi (skilagengi), eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. september 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

22. september 1981.

Nr. 576.

## AUGLÝSING

**um afgreiðslutíma Apóteks Keflavíkur.**

Skv. heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Apóteks Keflavíkur frá og með 1. desember 1981, vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 9:00—19:00

Laugardaga, helgidaga og almenna frídaga kl. 10:00—12:00.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1981.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*